

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis,  
umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi við Austurvöll

7. apríl 2025

## **Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 27. mars sl., þar sem nefndin sendir til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu til félagsins Vín íslenskrar náttúru (VÍN) um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt, 61. mál.

Til stuðnings tillögunni vísa flutningsmenn m.a. til stefnu stjórnvalda um landgræðslu og skógrækt, Land og líf, og aðgerðaráttalunar til ársins 2026. Og í því sambandi til endurheimtar vistkerfa, mikilvægi jarðvegsauðlindarinnar og fæðuöryggis.

### **Umsögn**

VÍN getur tekið undir margt af því sem kemur fram í þingsályktunartillögu um þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt. VÍN styður t.d. eindregið endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar með talin endurheimt jarðvegs, birkiskóga og endurheimt votlendis. Endurheimt votlendis og birkiskóga hefur tvíþættan ávinning – annars vegar dregur hún úr losun gróðurhúsa-lofttegunda og hins vegar verndar hún viðkvæm búsvæði. Slíkar aðgerðir samræmast alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um vernd vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og ættu því að njóta forgangs.

VÍN leggur hins vegar sérstaka áherslu á að hvert það verkefni sem snýr að kolefnisjöfnun eða kolefnisbindingu sé ekki í andstöðu við vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Virðingarleysi fyrir íslensku lífríki og náttúru, t.d. með skógrækt í stórum stíl með framandi tegundum, sem sumar eru ágengar, er stórvandamál sem mun aukast á næstu áratugum. Framandi tegundir, svo sem stafafura (*Pinus contorta*) og sitkagreni (*Picea sitchensis*), hafa sýnt ágenga eiginleika bæði hérlendis og víða erlendis og geta ógnað náttúrulegum vistgerðum. Slíkar tegundir ætti að undanskilja frá styrkhæfum verkefnum. Hins vegar notkun innlendra tegunda, stuðlar að vistheimt án áhættu á ágengni. Nú þegar er verið er að eyðileggja náttúruleg og fullgróin vistkerfi, svo sem mólendi og votlendi, í nafni kolefnisbindingar og/eða kolefnisjöfnunar. Þetta land bindur nú þegar og geymir kolefni, jafnframt er það búsvæði fjölmargra dýra- og plöntutegunda.

Að mati VÍN er mjög áriðandi að allar aðgerðir við kolefnisbindingu og kolefnisjöfnun séu vel skipulagðar, meðal annars með tilliti til verndar náttúru- og menningarminja og sýnt sé fram á hversu mikið aðgerðirnar vinni gegn hlýnun. Því er afar mikilvægt að stjórnvöld ýti ekki undir ómarkvissar aðgerðir, t.d. í skógrækt, þar sem ítrekað er blandað saman, beint og óbeint, háleitum og oft óraunhæfum markmiðum um kolefnisbindingu og að draga úr loftslagshlýnun við endurheimt náttúrulegra vistkerfa og uppgræðslu lands.

Bent er á að undanfögnu hafa verið til sölu hér á landi kolefniseiningar í skógrækt. Þær hafa hins vegar ekki verið vottaðar með faglegum og hlutlausum hætti og eru því marklausar til kolefnisjöfnunar. Þannig eru nú engar kolefniseiningar til frá skógrækt sem ásættanlegar eru til kolefnisjöfnunar. Með núverandi aðferðum í kolefnisskógrækt er allsendis óvíst hvenær þær raungerast. Félagar VÍN hafa margoft bent á að til að meta áhrif loftslagsaðgerða er ekki nóg að mæla bindingu koltvísýrings í trjám, heldur verður einnig að skoða hvað gerist í jarðvegi og hvaða breytingar verða á endurskini sólarljóss þegar barrskógur þekur jarðveginn. Veruleg minnkun á endurskini getur upphafið kælingaráhrif kolefnisbindingar í barrtrjám.

Einnig er bent á að núverandi styrkjakerfi til að hvetja almenning til skógræktar eins og *Vorboði* hjá Landi og skógi og *Nýmörk* á vegum Pokasjóðs eru verkefni þar sem verið er að dreifa oft á tíðum framandi og stundum ágengum trjátegundum sem eru bein ógnun við líffræðilega fjölbreytni landsins. Það er fráleitt að reyna að uppfylla alþjóðlega samninga um aðgerðir gegn loftslagshlýnun með því að brjóta gegn öðrum alþjóðlegum samningum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og verndun búsvæða fuglategunda á valista.

Í Skotlandi er nú talsverð umræða um að hætt verði alfarið við að nota fjármuni ríkisins til að styrkja gróðursetningu barrtrjáa af þessum ástæðum (sjá heimild að neðan). Fyrir en síðar mun koma að því að skógrækt til kolefnisbindingar með ágengum tegundum barrtrjáa með kostnaðarþátttöku ríkisvaldsins verði hætt hér á landi. Það er ekki spurning um hvort heldur hvenær. Í Skotlandi er einnig í alvöru rætt um að öll skógrækt sem nær yfir stærra svæði en 40 hektara fari í mat á umhverfisáhrifum. Ennfremur að Skógræktarstofnun Skota skuli fylgjast með ágengni barrtrjáa og sjá til þess að fjarlægð séu röng tré sem eru á röngum stöðum

Kolefnisbinding eða endurheimt vistkerfa er margþætt langtímaverkefni sem er í mörgum tilvikum ótækt til að kolefnisjafna núverandi kolefnislosun fyrirtækja eða einstaklinga. Endurheimt votlendis er undanskilin því hún er sennilega mun fljótlegra loftslagsaðgerð en landgræðsla og skógrækt vegna þess að með hækkun vatnsborðs dregur strax úr losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi auk þess sem endurheimt votlendis er mikilvæg aðgerð sem verndar líffræðilega fjölbreytni. Rétt er að minna á að allra brýnast er þó að draga úr losun.

„Vandamál“ framangreindar tillögu eru ekki hin eiginlegu markmið hennar heldur hvers má vænta af framkvæmd hennar. Sérstaklega ef henni er alfarið vísað til Lands og skógar. Það hefur sýnt sig marga undanfarna áratugi að hugmyndafræði skógræktargeirans hefur að miklu leyti verið á skjön við markmið náttúruverndar og skyldur sem koma fram í þeim alþjóðlegu samningum sem nefndir eru í greinargerð með tillögunni. Einkum á það við um samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamninginn. Sama gildir um ákvæði laga um náttúruvernd sem snúa að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, svo sem vernd tegunda, vistgerða og vistkerfa.

VÍN vill vara við því að hugtakið þjóðaráttak sé notað kæruleysislega. Til dæmis á þann hátt að gengið sé út frá því að öll þjóðin standi að baki ákveðinni hugmyndafræði og stjórnvöld veiti því verkefnum fjárhagslegan stuðning með almannafé. Einnig er rétt að geta þess að nú

Þegar er verulegum fjármunum veitt til skógræktar sem ágreiningur er um. Þjóðin er alls ekki sammála um gróðursetningu framandi og ágengra tegunda. Þjóðaráttak sem ekki verndar lífríki Íslands bætir ekki þar um.

Þjóðaráttak gæti orðið árangursríkt ef áhersla er lögð á endurheimt vistkerfa með innlendum tegundum og með virku samráði við sérfræðinga í náttúruvernd og vistfræði og þátttöku almennings í sjálfbærniáttakum undir faglegu eftirliti.

Í tillögunni er miðað við að þátttaka almennings verði tvíþætt, annars vegar með beinni þátttöku í landgræðslu og skógrækt undir leiðsögn Lands og skógar og hins vegar með kolefnisjöfnun viðskiptavina sinna. Hvernig þetta yrði í raun er ekki ljóst. Miðað við reynslu af starfsemi ýmissa félagasamtaka og fyrirtækja eru talsverðar líkur á að tegundanotkun yrði með þeim hætti að náttúrulegu lífríki stafaði veruleg hættu af og að gæði slíkra loftslagsaðgerða verði akmörkuð.

VÍN vill benda á mikilvægi þess að stjórna landnýtingu og meðferð lands með sjálfbærum hætti þannig að land geti gróið upp sem mest af sjálfsdáðum sem mun síðan draga úr kolefnislosun og auka bindingu á sem hagkvæmastan hátt. Stjórnun beitar er þar lykilatriði bæði til að auka möguleika á endurheimt birkiskóga þar sem það er æskilegt en einnig til að viðhalda fjölbreyttum verðmætum gróðri og dýralífi.

### Lokaorð

Vínir íslenskrar náttúru eru mjög gagnrýnir á að farið sé í sérstakt þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt eins og það er lagt fram í þingsályktunartillögunni. Verði það gert þarf að tryggja að verkefnið stuðli að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, stuðli að endurheimt vistkerfa og séu að öðru leyti í samræmi við náttúruverndarlög og þá alþjóðlegu samninga sem við höfum undirritað um verndun íslenskrar náttúru og jarðvegsvernd. Jafnframt þarf að tryggja að seldar kolefniseiningar séu gæðavottaðar þannig að tekið sé tillit bæði til áhrifa á loftslag og lífríki.

VÍN leggur áherslu á að allar loftslagsaðgerðir, þar á meðal skógrækt og landgræðsla, taki mið af vernd náttúru Íslands. Aðeins með slíkri nálgun verður þjóðaráttak réttlætjanlegt og gagnlegt til framtíðar.

Ef óskað er eftir er VÍN tilbúið til að senda fulltrúa frá félaginu á fund umhverfis- og samgöngunefndar um framangreint mál.

Að lokum vill VÍN benda á nokkrar greinar til útskýringar og stuðnings þess er kemur fram í umsögn félagsins og ber að lesa sem hluta af henni:

- Ábyrg kolefnisbinding – Forsendur og vottun: <https://natturuvinir.is/greinar/abyrg-kolefnisbinding-forsendur-og-vottun/>
- Grænþvottur með kolefnisjöfnun: <https://natturuvinir.is/greinar/graenthvottur-med-kolefnisjofnun/>
- Grænþvottur stjórnarráðsins: <https://natturuvinir.is/greinar/graenthvottur-stjornarradsins/>

- Kolefnisrækt, kolefnisjöfnun og vottun: <https://natturuvinir.is/greinar/kolefnisraekt-kolefnisjofnun-og-vottun/>
- Kolefnisskógrækt – bjargræði eða bölvun: <https://natturuvinir.is/greinar/kolefnisskograekt-bjargraedi-eda-bolvun/>
- Samanburður á Skógarkolefni og UK Woodland Carbon Code – Kolefnislosun vegna jarðvinnslu: <https://natturuvinir.is/greinar/samanburdur-a-skogarkolefni-og-uk-woodland-carbon-code-kolefnislosun-vegna-jardvinnslu/>
- Skógrækt er ekki alltaf sjálfsögð sem loftslagsaðgerð: <https://natturuvinir.is/greinar/skograekt-er-ekki-alltaf-sjalfsogd-sem-loftslagadgerd/>
- Skógrækt í viðkvæmri náttúru Íslands: <https://natturuvinir.is/greinar/skograekt-i-vidkvaemri-natturu-islands/>
- Skýrsla skosku akademíunnar um opinberan stuðning við skógrækt: <https://rse.org.uk/programme/policy-advice/inquiries/tree-planting-inquiry/>

F.h. stjórnar Vina íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson  
Tröllhólum 39  
800 Selfossi

[sveinnrun@gmail.com](mailto:sveinnrun@gmail.com)